

KJARVAL

40% afsláttur

Bautabúrs Bayonneskinka
897 KR. KG

Kyckling Bröstfile
1398 KR. PK.
Rose kjúklinga-bringur 900 g

100% ÍSLENSKT VASTAKAÐ
Godá Gourmet ungnautahakk
898 KR. KG

40% afsláttur

Móa krydduð kjúklingalæri
519 KR. KG

Ysuftök roð- og beinlaus
944 KR. KG

2 FYRIR 1

Freschetta XL Prosciutto
510g

139 KR. STK.
Sprite og Sprite Zero 2 l

269 KR. PK.
Heras Muffins 2 tegundri

289 KR. PK.
Metropole kaffipúðar

375 KR. PK.
Dole Ananas 3 pk

20% afsláttur

Cif ofn- og stálhreinsir

119 KR. STK.
Líf epla- og appelsínusafi 1 l

Tvöfaldir Vildarpunkta
16. okt.-30. nóv.
Gildir af öllum veltu.

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Jóla kort

er að selja jóla kort fyrir styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Ragnhildur í síma 487 1256

Minni á

samveru

Kirkjuskólans í Mýrdal

næsta laugardag kl. 11:15 -
12:00 í grunnskóla
Mýrdalshrepps.

Sóknarprestur

Gjafabréf í nudd

krónur 5000
tilvalin jólagjöf.

Nuddstofan Hótel Laka
Pantanir í síma: S:8663060
nudd@vinnustadanudd.is

Lilja nuddari.



Sveitarstjórn

Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar föstudaginn
28. nóvember 2008 kl. 13:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.
Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri



VITINN á www.sudurland.net



Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2008.

Óskað er eftir tilnefningu til umhverfisverðlauna Skaftárhrepps 2008, veitt verða verðlaun annarsvegjar í þéttbýli og hinsvegjar í dreifbýli. Kassi fyrir tilnefningarnar verður í **Kjarval Klaustri til 15. des.** Hvetjum sem flesta til að taka þátt.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps.



Rauði kross Íslands
Klaustursdeild

Fatasöfnun Klaustursdeildar

í samstarfi við Skaftárskála

verður frá miðvikudeginum 26. nóvember
til sunnudagsins 30. nóvember.

Tekið verður á móti fatnaðinum í Skaftárskála. Best er að hafa hann í svörtum poka, vel lokuðum og merktum Fatasöfnun Rauðakrossins

Ath. það má einnig gefa í söfnunina alla vefnaðarvöru, t.d. gardínur og rúmföt. Skór eru einnig vel þegnir. Þetta má allt fara í sama pokann.

Komið á bæ í Skaftártungu

Hollt er að koma heim til þín hröktum ferðalöngum. Sauðakjöt og valið vín veittir okkur svöngum.

Áfengisvarnarfundur


Fundinn sóttu fyrimenn, er forðum voru í kippnum. Mönnum sýndist eima enn eftir þynnkusvipnum.

*Höfundur: Sverrir
Sigurðsson, bóndi
á Ljótastöðum í
Skaftártungu f.
1936, d. 1967.*



Í ÖRMUM MYNDLISTARSÝNING ÞRÍDJUDAGINN 2. DESEMBER
ALHEIMSINS

Þú ert velkomin(n) á opnun myndlistarsýningar minnar.
Hlakka til að sjá þig,
Kolbrún Hjörleifsdóttir.



GEYSIR BISTRO / BAR • ADALSTRÆTI 2 • REYKJAVÍK
ÞRÍDJUDAGINN 2. DESEMBER • KL. 16⁰⁰ - 17³⁰ • LÉTTAR VEITINGAR • FJÁRSJÓDSLEIT

Jól og matur

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær jól voru haldin í heiðnum sið, sennilega með fullu tungli í skammdeginu. Ekki vita menn heldur hvernig þau voru haldin, nema að þau voru drukkin með matar og ölveislum. Buðu íslenskir höfðingjar oft fjölmenni til jóladrykkju. Fyrstu tvær vikur desembermánaðar eru mesti annatíminn í jólaundirbúningnum. Á flestum heimilum er mikill bakstur, allt upp í tíu tegundir af smákökum, randalín og rúllutertubrauð svo eitthvað sé nefnt

Mikið er borist á í mat yfir jólahátíðina. Flestir borða reykt svínakjöt og rjúpur. Svínakjötshefðin er komin frá frændum vorum Dönum og er nýleg þar sem svínarækt á Íslandi á sér ekki langa sögu og

lengi þurfti heilmikla útsjónarsemi til að komast yfir svínakjöt. Rjúpur eru aftur á móti séríslenskur jólaréttur. Líkt og laufabrauðið var rjúpan upphaflega fátækrakrás og bara borðuð á þeim heimilum sem höfðu ekki efni á að slátra lambi fyrir jólahátíðina. Á jóladag er svo borðuð hangikjöt, en það er lambakjöt sem er reykt við sauðatað. Annar algengur réttur á matseðlinum er möndlugrautur sem er hrísgrjónagrautur sem fær nafn sitt af þeim sið að út í hann er sett mandla. Svo verður að borða grautinn þar til einhver bitur í möndluna og fær hinn heppni möndlugjöf.

Jólarefur hét það sem hverjum heimilismanni var skammtað til jólanna (í mat) á aðfangadagskvöldið.

Samantekt vikuna 17. til 24. nóvember 2008

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 79 mál þessa vikuna á Hvolsvelli. Í vikunni voru 10 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 124 km hraða. Helmingur þeirra sem teknir voru eru erlendir ferðamenn. Aðfaranótt þriðjudagsins var eldur í húsi í Þykkvabæ en grunur leikur á að um íkveikju sé að ræða. Málið er í rannsókn. Eldur kviknaði einnig í eyðibýli við Skúmsstaði og brann húsið mikið, grunur leikur á að kviknað hafi í út frá rafmagnstöflu í húsínu.

Tvæ bílveltur voru í vikunni en engin meiðsl urðu á fólki. Í öðru tilvikinu er bifreiðin talin ónýtt eftir veltuna. Nokkuð var um að tilkynnt væri um laus hross í vikunni, við hringveginn á okkar svæði. Laus hross geta verið mjög hættuleg fyrir umferð. Hvetjum við eigendur hrossa tryggja girðingar sínar svo hrossin sleppi ekki út. Eftirlit var í vikunni með rjúpnaskyttum en enginn var ólöglegur sem afskipti var haft af. Nú styttist tíminn sem skjóta má rjúpu en honum lýkur 30. nóvember n.k. Bannað er að skjóta rjúpu á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum.

Nú er tími jólahlaðborða og jólaglöggs. Sérstakt eftirlit verður með ölvunarakstri vegna þess. Aldrei að setjast undir stýri eftir að hafa neytt áfengis. Munið að þið getið jafnvel stöðvað ölvunarakstur með afskiptum ykkar. Ölvunarakstur getur endað með ósköpum og jafnvel örkrum eða dauða. Látum okkur öll þetta varða.

Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri

Kertaljós

Undanfarin ár hefur notkun kerta aukist stórlega. Engar tölur eru til um brunaslys eða bruna af völdum kerta en samkvæmt könnun sem Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna lét gera í nóvember 1999 má rekja 25% bruna hérlendis til kerta eða kertaskreytinga. Áætlað er að tjón af völdum bruna nemi árlega tugum milljóna20 - 40 milljónum árlega en einstök ár er þessi tala mun hærri vegna stærri bruna.

Engir staðlar eru til um kerti sem þýðir að engar sérstakar kröfur eru gerðar til framleiðslu og hönnun þeirra. Dæmi eru um að kerti úr sama pakka brenni öll á mismunandi hátt en slíkt heyrir þó til undantekninga. Merkingar og upplýsingar sem fylgja kertum eru einnig afar mismunandi.

Nokkur góð ráð:

Yfirgefið aldrei vistarverur þar sem kertaljós logar

Látið kerti aldrei loga innanhúss án eftirlits
Gætið vel að staðsetningu kertaljós

Forðist að hafa kerti í dragsúgi

Vindsveipur eða gegnumtrekkur getur kveikt eld á ný

Forðist að koma kerti fyrir nálægt opnum glugga þar sem vindur getur sveiflað gluggatjöldum í kertalogann

Setjið kerti aldrei nálægt tækjum sem gefa frá sér hita s.s. sjónvarpi. Hiti frá tæki veldur aukinni hættu á óhappi

Hafið eftirfarandi sérstaklega í huga
Gætið þess að kerti séu föst í kertastjaka og að hann sé stöðugur og öruggur.

Hafið ekki mishá kerti of nálægt hverju öðru. Hiti frá lægri kertum getur brætt hærri kerti

Eftir að kertalogi hefur verið slökktur getur ennþá leynst glóð í kveiknum

Almenn viðmiðun er að hafa a.m.k. 10 cm á milli kerta

Kertakveikur á ekki að vera lengri en 1 cm. Klippið af kveiknum svo að ekki sé hætta á að logandi kveikur detti af og brenni út frá sér.

Tekið af jólavef Júlía



Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps

2002 -2014 - Klausturhlað

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 - Klausturhlað. Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps 18. september 2008 til 16. október 2008. Athugasemdafrestur rann út 30. október 2008 og barst eitt athugasemdabréf.

Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar.


Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til Skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps.

Bjarni Daníelsson
Sveitarstjóri Skaftárhrepps

Bókband!

Er nokkur hér í sýslu, sem bindur inn bækur eða getur vísað á einhvern sem það gerir?.

Vinsaml. hafið samband í síma Vítans. E



Aðventusamkoma í Mýrdal 2008

Aðventusamkoma sem er samstarfsverkefni allra skóla og sókna í Mýrdal verður í félagsheimilinu Leikskálum í Vík, sunnudaginn 30. nóvember nk. kl. 16:00.



Sérstakir gestir eru félagar í kirkjukórum, organisti og sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls.

Í lok samkomunnar verða ljósín tendruð á jólatré Mýrdælinga.

Fjölbreytt dagskrá við allra hæfi.

Fjölmönnum á sameiginlega aðventuhátíð okkar allra.

Samstarfshópurinn



Rúdólf með rauða trýnið (Elsa E. Guðjónsson)


Síglaðir jólasveinar
sleðum aka niður í byggð,
og hreindýrin draga hreykin
hlössin þung af mestu dyggð.
En raunmæddur hreinninn Rúdólf
rauða trýnið strýkur æ,
útundan alltaf hafður:
"Aldrei með ég vera fæ."



Þá rennur framhjá rammvilltur,
ragur jólasveinn:
"Þokan er svo þétt í nótt,
en þitt er trýnið skært og rjótt,
lýstu mér leið til bæja."
Litli Rúdólf kættist þá,
en hreindýrin aldrei aftur
aumingjanum níddust á!

Af trénu Rúdólf ungar á
eintóm kerti rauð,
síðan æ ef brosir blítt
blikar ljós um trýni frítt.
Nú hreinarnir aldrei aftur
allir níðast Rúdólfi á,
en óska sér upp til hópa
einnig trýni rauð að fá!

AÐVENTUHÁTÍÐ Í PRESTSBAKKAKIRKJU



Fyrsta sunnudag í aðventu 30. nóvember kl. 13.30
verður aðventuhátíð í Prestsbakkakirkju.

Kirkjukór Prestsbakkakirkju, undir stjórn
Brians Rogers Haroldssonar, syngur jóla- og aðventusálma,
börn flytja helgileik og söngatriði.
Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur leiðir stundina
og flytur hugvekju.



Þegar dagskránni líkur í kirkjunni heldur hátíðin áfram í
Kirkjubæjarskóla þar sem kirkjukór Prestsbakkakirkju
verður með glæsilegt kaffihlaðborð.

Fjölmönnum á aðventuhátíðina og eigum góða stund saman í
Prestsbakkakirkju.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur

Kveikt verður á jólatrénu

við félagsheimilið Kirkjuhvol miðvikudaginn 3. desember
kl. 14.00. Börn af leikskólanum Kærabæ og nemendur
Kirkjubæjarskóla á Síðu munu hengja sitt skraut á
tréð.

Nemendur tónlistarskólans flytja tónlist, blokkflautukór
grunnskólans spilar, kirkjukór Prestsbakkakirkju
syngur svo eitthvað sé nefnt.

Mætum öll og eigum notalega stund í upphafi aðventu.

Menningarmálanefndin.

